

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 16. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald. (44.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér afnám stimpilgjalds vegna kaupa á íbúðarhúsnæði.

Viðskiptaráð hefur lengi barist fyrir því að skattkerfið héraendis verði einfaldað og að samkeppnishæfni Íslands verði tryggð í því tilliti. Hvað það varðar hefur Viðskiptaráð ítrekað lagt áherslu á að stimpilgjöld verði afnumin, enda er um afar ósanngjarna gjaldtöku að ræða þar sem fjárhæðir eru ekki í nokkru samræmi við þá þjónustu sem veitt er af hálfu hins opinbera. Ráðið fagnar því frumvarpinu, en leggur þó áherslu á að stíga þurfi skrefið til fulls og afnema stimpilgjöld að fullu.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur jafnframt til að hafist verði handa við að stíga skrefið til fulls og afnema stimpilgjöld með öllu.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands